

7. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1, Norðursvæðis, í Vatnajökulspjóðgarði haldinn fimmtudaginn 19. júní 2008 kl. 14:00.

Fundarstaður: Gljúfrastofa Ásbyrgi.

Á fundinn mættu:

Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson (IP) frá Samtökum útivistarfélaga, Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Fundargerð frá 27. maí s.l.

Fundargerð samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Kosning nýs formanns.

Rúnar Þórarinnsson frá Norðurþingi hefur sagt sig frá störfum við svæðisráðið og Norðurþing var ekki búið að skipa nýjan fulltrúa þennan dag. Ekki var því hægt að kjósa nýjan formann á fundinum. Frestað til næsta fundar.

3. Gerð verndaráætlunar um Norðursvæðið. Staða samningsmála við Náttúrustofu Norðausturlands og viðhorfskönnun meðal ferðamanna á svæðinu í sumar.

Á fundinum kom fram að samningsdrögin voru send til framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs sem áframsendi þau til stjórnarformanns. Þar eru þau til skoðunar. Vegna vanhæfni hefur BP ekki getað komið að samningsgerðinni.

Svæðisráðið leggur því til að í stað Rúnars muni FS koma að frágangi og undirskrift samningsins fyrir hönd svæðisráðsins.

Farið stuttlega yfir drög að viðhorfskönnun sem SSJ hafði útbúið. Lagðar voru til örlitlar viðbætur en einnig þarf að huga að styttingu könnunarinnar.

Svæðisráðið leggur áherslu á að koma viðhorfskönnun til framkvæmda í Jökulsárgljúfrum í sumar og sjá hvað hægt verður að gera varðandi Herðubreiðarlindir og Öskju. Ef efra svæðið næst ekki í sumar skal stefnt að því að gera könnun þar næsta sumar.

4. Umsóknir um stöðu þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum.

SSJ vék af fundi þar sem hún er bæði yfirmaður og meðmælandi eins umsækjandans. Eftirfarandi texta er bætt inn í síðar af BP.

“ 9 umsóknir bárust en ein þeirra er dagsett 12. júní og telst hún því ógild. Svæðisráð fór yfir umsóknirnar og bar saman hvort umsækjendur uppfylltu skilyrði sem voru talin upp í auglýsingu um starfið. Það er mat svæðisráðs að 3 umsækjendur uppfylli öll skilyrði að einhverju leiti. Ákveðið að kalla þessa 3 til viðtals og munu Böðvar og Ingólfur ræða við þessa aðila um eða uppúr helgi.”

5. Skoðunarferð um Jökulsárgljúfur.

Farið var í skoðunarferð um Ásbyrgi, Ás, Vestaraland, Vesturdal, Hólmatungur (bílastæði) og Dettifoss. Ýmislegt rætt á leiðinni og fasteignir skoðaðar. Ferð lauk kl. 20:15 við Dettifoss en þá skyldu leiðir og nefndarmenn fóru suður úr en SSJ hélt í norðurátt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir